

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar - lífsleikni

Kennarar: Margrét Eggertsdóttir og Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn: Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, Ísland áður fyrr - fjölskyldan, störfín og heimilið, Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, Námsefnið Verkferakistan, verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar t.d. lífsgildi, bekkjarsáttmáli, þarfir, reglur og hlutverk ásamt ítarefni frá kennurum.

Lykilhæfni: Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur – umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.• geti aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.• geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengi.• geti sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.• geti lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.• þjálfist í að ræða um samfélagið og nota valin hugtök í því samhengi.• velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.• geti bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.• varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu.• velti fyrri sér einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.• geti bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.• komi auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.• komi auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.	<p>Námsefnið verður unnið á fjölbreyttan hátt, það samþættist að mestu við aðrar námsgreinar.</p> <p>Einstaklings- og hópvinna, gagnvirk verkefni, umræður, myndsköpun, ritun og vettvangsferðir.</p>	<p>Leiðsagnarmat, símat, sjálfsmat, verkefni og vinnubækur, þátttaka og vinnubrögð.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í að lýsa kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu. 		
Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	<ul style="list-style-type: none"> • geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. • átti sig á og lýsi ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. • geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. • geti bent á hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. • þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. • geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. • geti sett sig í spor annarra jafnaldra. • bendi á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. • geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans. • geti sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna. 		
Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	<ul style="list-style-type: none"> • geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. • þjálfist í að ræða um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýni ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. • geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. • geti hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir. • þjálfist í að tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. • geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. • þjálfist í að ræða um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. • átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. • geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. 	Samvera með vinabekk, bekkjarfundir, framsögn, verkefnavinna og almennar umræður.	Þátttaka í kennslustundum, hegðun, framkoma og samskipti í skólanum.